

A 1734/välfärd

Afgreiðsla Norræna velferðarnefndin

Nefndarálit norrænu velferðarnefndarinnar um

**Þingmannatillögu**  
**um skyldubundna sáttameðferð fyrir forsjárhafa**  
**við skilnað að borði og sæng**

**Tillaga**

Norræna velferðarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

að þær innleiði skyldu til sáttameðferðar í löndunum fyrir forsjárhafa við skilnað að borði og sæng;

að þær efni til málþings eða ráðstefnu þar sem löndin geta borið saman ráð sín um skyldubundna sáttameðferð fyrir forsjárhafa við skilnað að borði og sæng

**Bakgrunnur**

Þingmannatillaga flokkahóps jafnaðarmanna um skyldubundna sáttameðferð fyrir forsjárhafa við skilnað að borði og sæng var kynnt á þingfundi á þingi Norðurlandaráðs í Helsinki 31. október 2017.

Í tillögunni er fjallað um átök sem geta orðið milli foreldra í tengslum við skilnað og haft slæm áhrif á heilsu barna. Í því skyni að hitta barnið og draga úr spennu innan fjölskyldunnar hefur Noregur innleitt skyldubundna sáttameðferð fyrir forsjárhafa við skilnað að borði og sæng þegar þeir fara með forsjá barna undir 16 ára aldri. Reynslan frá Noregi og frá tilraunastarfsemi í Svíþjóð er góð.

Í þingmannatillögunni er hagur barnsins hafður að leiðarljósi og tilgreint að skyldubundin sáttameðferð við skilnað að borði og sæng þegar börn undir lögaldri koma við sögu geti verið leið til þess að hjálpa foreldrunum að ákveða hvernig sameiginlegri forsjá skuli hagað áður en ástandið er orðið eldfimt eða til að draga úr og leysa deilur.

Sjálfbmetin geðheilsa ungmenna á Norðurlöndum fer versnandi, einkum í Svíþjóð, Finnlandi og Noregi. Þetta kemur fram í skýrslunni „Unga in i Norden“. Í henni er leitað svara við spurningunni „Hvers vegna heldurðu að þér líði illa?“ Einsemd, vinaleysi, erfiðar heimilisaðstæður og vantraust í garð fullorðinna eru þær útskýringar sem gefnar eru. Mörg ungmenni finna fyrir streitu og verkkvíða eða þeim finnst þau vera utanveltu. Ungmenni sem flosna upp úr námi hafa oft orðið fyrir einelti og



meiðandi framkomu.

Geðrænir kvillar eiga sér margar orsakir og það er brýnt að finna mismunandi aðferðir til að sporna gegn þeim. Góðar heimilisaðstæður eru mikilvæg forsenda þess að ungmennum líði vel og þau finni fyrir öryggi. Miklu skiptir að ungmenni beri traust til fullorðna fólksins og geri viðvart þegar þeim líður illa. Að öðrum kosti er hætt við sjálfskaðahegðun svo að eitthvað sé nefnt.

Skyldubundin sáttameðferð felst í skipulögðu samtali foreldranna undir leiðsögn þar til menntaðs einstaklings í þeim tilgangi að finna lausnir sem eru barninu fyrir bestu. Markmiðið er að forsjarhafar geri með sér samstarfssamning um sameiginlega forsjá. Skyldubundin sáttameðferð við skilnað að borði og sæng getur komið í veg fyrir eða dregið úr deilum milli forsjarhafa. Fyrir vikið líður barninu og allri fjölskyldunni betur.

Deilur forsjarhafa eru oft kostnaðarsamar fyrir samfélagið og skapa álag á félagsþjónustuna.

Mikilvægt er að koma í veg fyrir átök og forðast aðstæður sem skaða geðheilsu ungmenna. Skyldubundin sáttameðferð við skilnað að borði og sæng þegar börn eru undir lögaldri getur hjálpað foreldrum að semja um hvernig þau deila með sér sameiginlegri forsjá áður en allt er komið í óefni eða dregið úr og leyst ágreininginn.

*Tengsl tillögunnar við hnattrænu sjálfbærnimarkmiðin í Dagskrá 2030*

Tillagan tengist hnattrænu sjálfbærnimarkmiði 3 um heilsu og vellíðan: *Stuðla að heilbrigðu lífni og vellíðan fyrir alla á öllum aldri*. Nánar tiltekið stuðlar hún að bættri geðheilsu hlutaðeigandi barna og er þannig ætlað að uppfylla hlutamarkmið 3.4. *Eigi síðar en árið 2030 verði ótímabærum dauðsföllum af völdum annarra sjúkdóma en smitsjúkdóma fækkað um þriðjung með fyrirbyggjandi aðgerðum og meðferð og stuðlað verði að geðheilbrigði og vellíðan.*



### Álit nefndarinnar

Í þingumræðunum voru fulltrúarnir á einu máli um að hafa barnvænt sjónarhorn að leiðarljósi. Kom fram að það væri ábatasamt ef Norðurlandaþjóðir lærðu af og fengju innblástur hjá hver annarri um þetta málefni.

Rætt var um réttindi barns til beggja foreldra meðal annars með því að stefna að sameiginlegri forsjá nema í sérstökum tilvikum. Tekið var fram að ekki þurfi alltaf að vera best að skipta ábyrgðinni milli tveggja foreldra en svo lengi sem hagsmunir barnsins væru hafðir í fyrirrúmi gæti það verið gagnlegt.

Stokkhólmi, 24. janúar 2018

*Anna-Maja Henriksson (sv)*

*Bente Stein Mathisen (H)*

*Helge André Njåstad (FrP)*

*Jenis av Rana (Mfl.)*

*Karen J. Klint (S)*

*Ketil Kjenseth (V)*

*Lennart Axelsson (S)*

*Mika Raatikainen (saf)*

*Nina Sandberg (A)*

*Ólafur Ísleifsson (Flf)*

*Paula Bieler (SD)*

*Rikard Larsson (S)*

*Steinunn Þóra Árnadóttir (VG)*

*Ulf Leirstein (FrP)*